

## Heimspækilegar samræður

***Þegar hún fæddist, mæltu nornir fyrir henni jóðmæli að vana forntíðarinnar. Gáfu þær henni marga hamingju: fagran vöxt og fríðleika, auðsæld og gott gjafir; reiddist þá ein nornin og þótti mikið um mælt, en lítið skotið til sinna ummæla; skóp henni því...***

Hvað er vana?

Hvaða vana höldum við upp á?

Af hverju gáfu nornirnar litla barninu hamingju?

Varð konungsdóttirinn hamingjusöm af jóðmælunum? Afhverju/afhverju ekki?

Hvað er hamingja? – er það fagur vöxtur, fríðleiki, auðsæld og gott gjafir?

Hvenær erum við hamingjusöm?

Af hverju reiddist ein nornin yfir að hinar nornirnar gáfu hamingju?

Af hverju lagði nornin álög á litla barnið?

Hvað getur litla barnið gert til að verja sig?

Ef við værum nornir og værum að mæla jóðmæli, hvað myndum við gefa litla barninu?

***Skipar hann henni þá, „illum ormi“, að fara í burtu. Sneri hún þá í burt aftur með gráti miklum.***

Af hverju segir konungssonur að hún sé illur ormur?

Finnst ykkur konungsdóttir vera illur ormur? Af hverju/af hverju ekki?

Hvað er illska?

Af hverju fór konungsdóttir að gráta?

Hvernig myndi okkur líða ef við værum í sömu sporum og konungsdóttir?

Hvað mun gerast núna fyrir konungsdóttur?